

Priðjudaginn 19. maí 1998.

Nr. 3/1998.

Véltjórafélag Íslands

(Magnús Guðlaugsson hrl.)

gegn

Landsvirkjun

(Hreinn Loftsson hrl.)

Kjarasamningur. Laun. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediksdóttir, Valgeir Pálsson og Gunnar Sæmundsson.

Stefnandi er Véltjórafélag Íslands, kt. 690269-3419, Borgartúni 18, Reykjavík.

Stefndi er Landsvirkjun, kt. 420289-1299, Háaleitisbraut 68, Reykjavík.

Málið var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 7. maí sl.

Dómkröfur stefnanda:

1. Að dæmt verði að stefnda sé skylt að hækka grunnlaun vélfræðinga í þjónustu sinni í kr. 99.043 frá 1. apríl 1997.
2. Að dæmt verði að stefnda sé skylt að greiða vélfræðingum í þjónustu sinni 17,28 mínútur í yfirvinnu fyrir hverja vakt eða 8 klst. dagvinnutímabil.
3. Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað fyrir Félagsdómi að skaðlausu, þ.m.t. 24,5% virðisaukaskatt af málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu.

Upphaflega gerði stefndi kröfu um frávísun málsins, en með úrskurði uppkveðnum 24. mars sl. var frávísunarkröfu stefnda hafnað.

Málavextir.

Stefnandi kveður málavexti vera þá að stefnandi og stefndi gerðu kjarasamning 29. júní 1985. Samkvæmt grein 12.4. í þeim kjarasamningi skulu laun vélfræðinga hjá stefnda samræmd þeim breytingum er verða á umsömdum launum vaktstjóra í Áburðarverksmiðju ríkisins (nú Áburðarverksmiðjan hf., lög nr. 89/1994) og Sementsverksmiðju ríkisins.

Hinn 28. apríl 1997 var gerður kjarasamningur milli stefnanda og Áburðarverksmiðjunnar hf. Samkvæmt 2. gr. þess samnings voru laun hækkuð úr kr. 68.582 í kr. 86.883 eða um 26,687%. Launahækkun þessi er tilkomin vegna 4,7% almennrar launahækkunar en auk þess var fellt niður kaupaukakerfi, sem verið hafði í gildi í Áburðarverksmiðjunni hf. frá 1985 og laun hækkuð um 21% í staðinn. Þá var um það samið að greiddar skyldu 17,28 mínútur í yfirvinnu fyrir hverja vakt eða 8 klst. dagvinnutímabil.

Kaupaukakerfið, sem fellt var niður 28. apríl 1997, var tekið upp í Áburðarverksmiðju ríkisins með samkomulagi 24. maí 1985, en breytt með samkomulagi, dags. 4. maí 1988, í það horf að kaupaukinn var lægstur 12% en gat hæstur orðið 20% og kom sem hundræðshluti ofan á heildarlaun. Síðar voru efri mörk kaupaukans hækkuð í 21%. Stefnandi krafðist þess ítrekað að laun vélfræðinga í þjónustu stefnda yrðu hækkuð samsvarandi, en stefndi féllst aðeins á hækkun er nam fasta hluta kaupaukans, 12%, þar sem stefndi hafnaði því alfarið að sveiflur í framleiðslu Áburðarverksmiðju ríkisins ættu að hafa áhrif á laun vélfræðinga í þjónustu hans. Þessi 12% launahækkun kom til vélfræðinga í þjónustu stefnda í tveimur áföngum. Með samkomulagi um starfsaldursbreytingar, dags. 25. september 1986, og samkomulagi um 3,5% kaupauka, dags. 15. september 1988. Þær kjarabætur, sem vélfræðingar hjá stefnda fengu með þessu, voru metnar jafngilda lágmarkinu 12%.

Með kjarasamningi stefnanda og Áburðarverksmiðjunnar hf., dags. 28. apríl 1997, var kaupaukakerfið fellt niður og grunnlaun vélfræðinga/vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðjunni hf. hækkuð um 21% í staðinn. Þar með hafa sveiflur í framleiðslu verksmiðjunnar ekki lengur áhrif á launin.

Eftir þá grunnlaunahækkun í Áburðarverksmiðjunni hf. gerði stefnandi kröfu á hendur stefnda, á grundvelli gr. 12.4. í kjarasamningi aðila, að stefndi hækkaði grunnlaun vélfræðinga í þjónustu sinni samsvarandi og laun vélfræðinga/vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðjunni hf. hækkuðu með samningnum 28. apríl 1997.

Gerð var krafa um 13,11% launahækkun þar sem vélfræðingar í þjónustu stefnda hafa þegar fengið 12% af hinni umsömdu 26,687% hækkun ($112 \times 13,11\% = 126,687$). Með bréfi, dags. 4. júní 1997, hafnaði stefndi þessari kröfu.

Þar sem stefndi hefur hafnað kröfum stefnanda kveðst stefnandi

ekki eiga annarra kosta vól en að leita til dómstóla til þess að fá staðfesta skyldu stefnda til þess að samræma laun vélfræðinga í þjónustu sinni þeim breytingum, er urðu á launum vaktstjóra í Áburðarverksmiðjunni hf. hinn 1. apríl 1997.

Fyrir hækkun eru grunnlaun vélfræðinga í þjónustu stefnda kr. 87.561 sem með sömu hækkun og vélfræðingar í þjónustu Áburðarverksmiðjunnar hf. fengu verða $87.561 \times 126.687/112 = 99.043$. Auk þess fengu vaktstjórar í Áburðarverksmiðjunni 17,28 mínútur í yfirvinnu fyrir hverja vakt eða átta stunda dagvinnutímabil.

Ekki er í málinu ágreiningur um útreikning stefnukröfunnar.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því að samkvæmt grein 12.4. í kjarasamningi stefnanda og stefnda beri stefnda að samræma laun félagsmanna stefnanda, er starfa í þjónustu stefnda, þeim breytingum er verði á umsömdum launum hjá vaktstjórum í Áburðarverksmiðju ríkisins, nú Áburðarverksmiðjunni hf. Það sé orðin venjuhelguð túlkun stefnanda og stefnda á grein 12.4. að slík samræming verði ekki gerð með öðrum hætti en að laun félagsmanna stefnanda verði hækkuð um sama hlutfall og laun vaktstjóra í Áburðarverksmiðjunni hf. hækki á hverjum tíma. Stefndi hafi, með því að neita að hækka laun vélfræðinga í þjónustu sinni til samræmis við þær launahækkanir, brotið gegn þessu ákvæði kjarasamningsins eins og aðilar hafi ávallt túlkað það.

Ákveðið samræmi/hlutfall hafi lengi verið milli grunnlauna vélfræðinga í þjónustu Áburðarverksmiðjunnar og vélfræðinga í þjónustu stefnda.

Árið 1984, er grein 12.4. kom inn í kjarasamninga aðila, voru vélfræðingar í þjónustu stefnda á 20% hærri grunnlaunum en vélfræðingar Áburðarverksmiðjunnar (kr. 24.540/kr. 20.449).

Pegar laun vaktstjóra í Áburðarverksmiðju ríkisins hækkuðu vegna hækkunar á stjórnunarálagi á launaflokk 7A, úr 20% í 32,4%, á árinu 1985 fengu vélfræðingar í þjónustu stefnda 4% grunnlaunahækkun. Frá þeim tíma voru grunnlaun vélfræðinga í þjónustu stefnda 24,8% hærri en grunnlaun vélfræðinga í þjónustu Áburðarverksmiðju ríkisins ($1,20 \times 1,04 = 1,248$). Það hlutfall/samræmi hélst frá 1985 til 1995 (kr. 83.180/66.584).

Árið 1995 hafi verið samið um að hlutfallið yrði 27,5% og grunnlaun vélfræðinga í þjónustu stefnda hækkuð um 2,16%. Eftir þá

grunnlaunahækkun hafi hlutfallið milli launa vélfræðinga stefnda og vélfræðinga í þjónustu Áburðarverksmiðjunnar hf. verið 27,5% (1,20 x 1,04 x 1,0216), allt þar til kjarasamningurinn 28. apríl 1997 var gerður í Áburðarverksmiðjunni hf. og hlutfallinu/samræminu raskað.

Samræmi milli launa vélfræðinga í þjónustu stefnda og vélfræðinga í þjónustu Áburðarverksmiðjunnar hafi því haldist a.m.k. frá 1984 og það þrátt fyrir að laun hafi breyst a.m.k. 38 sinnum á því tímabili. Það sé vegna þess að það hafi ávallt verið skilningur beggja að grein 12.4. í kjarasamningi aðila beri að túlka þannig að allar launahækkanir í Áburðarverksmiðjunni eigi að yfirferast beint til vélfræðinga í þjónustu stefnda.

Grein 12.4. í kjarasamningi stefnanda og stefnda eigi upphaf sitt að rekja til þess að með dómi Hæstaréttar 1971: 670 hafi verkfall vélstjóra hjá stefnda verið dæmt ólöglegt. Eftir þann dóm hafi stefndi samið um kjör vélstjóra, er starfa hjá honum, með Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins. Sú tilhögun hafi staðið allt til 1975, en 19. júní það ár hafi stefndi gert sjálfstæðan kjarasamning við stefnanda. Í þeim samningi var ákvæði, grein 11.4., er hljóðaði svo:

„Verði breyting á samningsbundnum launum vélstjóra (vaktstjóra og aðstoðarvaktstjóra) hjá Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins skulu laun vélstjóra í þjónustu Landsvirkjunar tekin til endurskoðunar“.

Orðalagi þessa ákvæðis í kjarasamningi aðila hafi verið breytt og orðið „endurskoðunar“ fellt út, enda hafi ákvæðið ekki náð tilgangi sínum þannig orðað. Í fyrsta lagi sé ákaflega óljóst hvað endurskoðun á launum þýði og í öðru lagi tryggði ákvæðið félagsmönnum stefnda ekki kjarabætur á sama hátt og verkfallsréttur hefði gert. Greinin var því samin upp á nýtt og hljóðar nú svo, grein 12.4.:

„Verði breyting á umsömdum launum vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins á samningstímanum skulu laun vélfræðinga hjá Landsvirkjun samræmd þeim“.

Megintilgangur þessa samningsákvæðis sé sá að tryggja að vélfræðingar í þjónustu stefnda fái að minnsta kosti sömu launahækkanir og þeir starfsbræður þeirra, sem vinni sambærileg störf og hafa verkfallsrétt.

Stefndi hafi, eins og áður er rakið og sjáist af samanburði á

grunnlaunabreytingum, ávallt viðurkennt skyldu sína til þess að hækka laun félagsmanna stefnanda í þjónustu sinni eins og laun viðmiðunarhópanna hafi hækkað. Eina hækkunin sem stefndi hafi neitað sé sá hluti kaupaukans í Áburðarverksmiðjunni hf., sem var framleiðslutengdur, þ.e. 12% – 20%. Það vandamál sé nú úr sögunni og vilji stefndi vera sjálfum sér samkvæmur beri honum að hækka laun félagsmanna stefnanda í þjónustu sinni um 13,11%, sbr. orðalag stefnanda á yfirlýsingu dags. 21. desember 1994.

Er stefndi neitaði stefnanda um umkrafða launahækkun hinn 4. júní 1997 raskaðist samræmið sem ávallt hafi verið milli launa vélfræðinga Áburðarverksmiðjunnar og stefnda. Grunnlaun í Áburðarverksmiðjunni hf. séu nú eftir kjarasamninginn í apríl 1997 kr. 86.883 en hjá stefnda kr. 87.561. Hlutfallið milli launanna (samræmið 27,5%) hefur því raskast verulega, eða úr 27,5% niður í 12,87%. Til þess að það haldist verði að hækka grunnlaun vélfræðinga í þjónustu stefnda í kr. 99.043 ($87.561,00 \times 1,275\%/1,12$ (12% hluti kaupaukans, sem kominn er)). Með því að neita þessari samræmingu/hækkun sé ljóst að stefndi sé að brjóta gegn kjarasamningi aðila, enda segir í grein 12.4.: „Verði breyting á umsömdum launum vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðju ríkisins . . . á samningstímanum skulu laun vélfræðinga hjá Landsvirkjun samræmd þeim.“

Mál þetta var áður höfðað með stefnu útgefinni 16. júní 1997. Því var vísað frá Félagsdómi með úrskurði 18. september 1997, sem staðfestur var í Hæstarétti 21. október 1997. Frávísunarástæðan var sú, að Félagsdómur taldi að skilja bæri grein 12.4. í kjarasamningi aðila þannig, að breyting á umsömdum launum vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðju ríkisins (nú Áburðarverksmiðjunni hf.) á samningstímanum leiði ekki sjálfkrafa til hækkunar á launum vélfræðinga í þjónustu stefnda, heldur gefi slíkar breytingar tilefni til athugunar á því, hvort samræmi sé í launakjörum. Stefnandi hefur nú látið framkvæma samanburð á launakjörum vélfræðinga í Áburðarverksmiðju ríkisins/Áburðarverksmiðjunni hf. og hjá stefnda allt tímabilið, er grein 12.4. hefur verið í kjarasamningi aðila, þ.e. 1984-1998. Af þeim samanburði sjáist samræmi allan tímann, sem nú hafi raskast verulega. Stefnandi hafi því bætt úr þessari vanreifun og sýni niðurstaða þessara gagna að krafa hans fyrir Félagsdómi sé réttmæt.

Málskostnaðarkröfu sína byggir stefnandi á lögum nr. 91/1991 um

meðferð einkamála, einkum 130. gr. Kröfu sína um að tekið verði tillit til 24,5% virðisaukaskatts á málflutningsþóknun byggir stefnandi á lögum nr. 50/1988 og því að hann rekur ekki neina virðisaukaskattskylda starfsemi. Honum sé því nauðsynlegt vegna skaðleysissjónarmiða að fá dæmdan málskostnað úr hendi stefnda með inniföldum áhrifum 24,5% virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er áréttað að sú staðhæfing í stefnu að ekki sé í málinu „ágreiningur um útreikning stefnukröfunnar“ feli ekki í sér að fallist sé á þá málsástæðu stefnanda að fyrir hendi sé „venjuhelguð túlkun“ og að stefndi hafi brotið gegn ákvæði kjarasamnings „eins og aðilar hafa ávallt túlkað það“. Stefndi telur að deila þessi heyri ekki undir Félagsdóm – eða dómstóla yfirleitt – heldur skuli aðilar semja um ágreiningsefnið, eins og málamiðlun hinn 3. júlí 1985 beri vitni um. Bent er á að hækkun miðað við viðmiðunarhópin, sbr. samanburð á grunnlaunabreytingum, feli aðeins í sér fylgni en ekki sjálfkrafa hækkunar, sbr. yfirlýsingu stefnda dags. 18. desember 1997. Þá er því mótmælt að tilgangur umrædds ákvæðis hafi verið að tryggja að vélfræðingar í þjónustu stefnda fengju „að minnsta kosti“ sömu launahækkunar og starfsbræður þeirra í viðmiðunarhópnum heldur hafi tilgangurinn verið að heildarlaun hópanna væru sambærileg. Skuli þá einnig tekið tillit til yfirborgana samkvæmt vinnustaðasamningum en ekki aðeins grunnlauna samkvæmt kjarasamningum.

Þá sé nauðsynlegt að víkja stuttlega að forsögu samningamála stefnda og stefnanda og því hvernig kjör félagsmanna stefnanda hjá stefnda hafi þróast frá árinu 1988 til nánari skýringa á málavöxtum.

Eftir að Hæstiréttur Íslands hafði dæmt ólögmeitt verkfall vélfræðinga sem vinna hjá stefnda hafi stefndi samið við félagsmenn stefnanda ásamt Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins. Sú tilhögun hafi staðið til ársins 1975 en þá hafi stefndi gert sjálfstæðan samning við stefnanda. Þá hafi verið sett inn í þann samning formákvæði til tryggingar á þann veg að laun vélfræðinga hjá stefnda skyldu samræmd breytingum á umsömdum launum vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðjunni. Með hliðsjón af því ákvæði hafi aðilar samið allt fram til þessa. Þegar Áburðarverksmiðjan hafi tekið upp bónusgreiðslur sem voru miðaðar við framleiðsluafköst um miðjan níunda áratuginn hafi stefnandi þegar farið fram á að

stefndi tæki upp álíka greiðslur til vélfræðinga í sinni þjónustu. Stefndi hafi í fyrstu hafnað þessari kröfu en þegar sýnt var fram á að greiddur var lágmarksbónus óháð framleiðslu Áburðarverksmiðjunnar hafi stefndi fallist á að koma til móts við þau sjónarmið en þó ekki í formi bónuss, heldur í formi breyttra starfsaldursreglna sem tryggðu vélfræðingum hjá stefnda að meðaltali 8,25% kjara-bætur 1986 og tveimur árum síðar í formi 3,5% kaupauka á laun þegar fyrir lá að lágmarksbónusinn var orðinn 12%. Bónusgreiðslur hjá Áburðarverksmiðjunni frá 1988 sveifluðust frá 12% og upp í 21% til að byrja með en hafi undanfarin ár verið við 21% hámarkið þar til þær nú við síðustu samningsgerð hafi að fullu verið færðar inn í launataxta vaktstjóra verksmiðjunnar. Þannig megi álykta að bónusgreiðslur Áburðarverksmiðjunnar hafi þróast frá að vera upp-haflega framleiðslubónus að hluta yfir í að vera hrein yfirborgun.

Í framhaldi af þessu sé rétt að rekja þróun kjaramála vélfræðinga í þjónustu stefnda frá því að gengið hafi verið frá samkomulagi við stefnanda um 3,5% kaupauka á árinu 1988. Á þessu tímabili hafi verið samið um breytta vinnutilhögun við allar aflstöðvar stefnda og hafi sólarhringsvaktir þar með verið endanlega felldar niður þar sem þær voru ennþá fyrir hendi. Þessi vinnutilhögun sé vaktavinna að því leyti að unnið sé að degi til alla daga ársins, helgidaga jafnt sem aðra, en starfsmenn sinni bakvöktum utan daglegs vinnutíma. Þá beri þess að geta að á öllum aflstöðvum nema við Hrauneyjafoss vinna starfsmenn að hluta til á venjulegu dagvinnutímabili án bak-vaktaskyldu. Í samningagerð þessari hafi verið samið við starfs-menn um yfirborganir í formi herra vaktaálags og bakvaktaálags auk þess sem þeir starfsmenn sem búsettir séu við aflstöðvarnar njóti ýmissa hlunninda sem metin séu til tekna svo sem húsnæðis-hlunninda. Það er og tekið fram að við aflstöðvar fyrirtækisins starfi nær allir þeir vélfræðingar sem fá greidd laun samkvæmt kjara-samningum stefnda og stefnanda.

Að því er varðar lagarök er vísað almennt í 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur.

Sýknukrafa stefnda byggist í fyrsta lagi á því að tilgreint ákvæði 12.4. í kjarasamningi aðila eigi ekki við í málinu.

Aðallega er bent á að ákvæði 12.4. sé ekki lengur í gildi enda hafi enginn kjarasamningur verið í gildi milli aðila þegar félagsdómsmál þetta varð höfðað hinn 28. janúar s.l., sbr. ákvæði 12.7., þar sem segi

að samningur þessi gildi til 31. desember 1996 og falli þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Venja vinnumarkaðsréttar um framlengingu kjarasamninga fram yfir gildistíma þeirra varði aðeins efnisákvæði – þ.e. um kjör launþega og skyldur þeirra gagnvart atvinnurekendum. Þetta komi fram í Félagsdómi IX:115 þar sem segir „að um réttindi og skyldur samningsaðila fari í öllum meginatriðum eftir gamla samningnum . . .“ Formákvæði sem þetta gildi hins vegar ekki fram yfir umsaminn gildistíma en með úrskurði frá 18. september 1997 hafi meirihluti Félagsdóms komist að þeirri niðurstöðu að ákvæðið „leiði ekki sjálfkrafa til þess að laun vélfræðinga hjá stefnda breytist að sama skapi. Verður að líta svo á að slíkar breytingar gefi tilefni til athugunar [formlegs eðlis] á því hvort samræmi sé í launakjörum. Þykir engu breyta um þetta þótt ekki sé sérstök- um ákvæðum fyrir að fara í kjarasamningnum um það hvernig að slíkri athugun skuli staðið.“

Jafnvel þótt talið yrði að ákvæði 12.4. gildi fram yfir umsaminn gildistíma kjarasamnings aðila er til vara byggt á því að ákvæðið eigi ekki við samkvæmt efni sínu enda sé það berum orðum bundið við að orðið hafi „breyting á umsömdum launum vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins á samningstímanum . . .“ – þ.e. samningstíma „vélfræðinga hjá Landsvirkjun“ en málsókn stefnanda sé að öllu leyti byggð á þeirri launahækkun tilgreinds viðmiðunarhóps sem hafi orðið með kjarasamningi stefnanda og Áburðarverksmiðjunnar hinn 28. apríl 1997. Kjarasamningur aðila hafi fallið úr gildi hinn 31. desember 1996 eins og fyrr greinir. Orðalaginu „á samningstímanum“ hafi sérstaklega verið aukið við er ákvæðinu var breytt.

Sýknukrafa stefnda er í öðru lagi byggð á því að óljóst orðalag í kjarasamningi um að laun skuli „samræmd“ geti ekki verið grundvöllur réttarkröfu til handa ótilteknum félagsmönnum stefnanda um nákvæmlega sömu laun enda sé óumdeilt að hugtökin laun og kjör séu teygjanleg og miklum vafa undirorpin í íslensku vinnumarkaðskerfi. Eins og áður segi sé dómstólum ófært að ákveða hvaða laun skuli gilda. Slíkt sé sígilt viðfangsefni samningsaðila sem geti fremur en dómstólar litið á heildarmyndina eins og kröfugerð stefnda gefi tilefni til. Þá séu félagsmenn stefnanda í þjónustu stefnda mun betur launaðir en viðmiðunarhópurinn og séu dómkröfur stefnanda því andstæðar tilgangi ákvæðis 12.4. sem ætlað hafi

verið að tryggja lágmarksréttindi miðað við viðmiðunarhópinn en ekki viðbót við staðbundnar yfirborganir. Ákvæði 12.4. í kjarasamningi aðila verður að skilja með hliðsjón af tilgangi þess sem var að sanningsaðilar byggi kröfu um breytingu kjarasamnings á því. Eðli málsins samkvæmt feli slíkur samanburður í sér hagsmunaágreining og sé því sanningsatriði milli aðila á vinnumarkaði þegar vinnudeila sé komin upp eftir að gildistíma kjarasamnings ljúki.

Ef talið yrði að ákvæði 12.4. sé í gildi, eigi við samkvæmt efni sínu og geti verið grundvöllur réttarkröfu er sýknukrafa stefnda í þriðja lagi byggð á því að félagsmenn stefnanda í þjónustu stefnda hafi með óskráðum sérkjörum og yfirborgunum samkvæmt vinnustaðasamningum hlotið jafngildi þeirrar réttarkröfu. Vinnustaðasamningar hafa hlotið aukið vægi í vinnumarkaðsrétti og framkvæmd. Um lagagrundvöll slíkrar „gagnkröfu til skuldajafnaðar“ við viðurkenn-ingarkröfu fyrir Félagsdómi er vísað til meginreglu 1. mgr. 28. gr. eml., sbr. 2. ml. 2. mgr. 25. gr. eml. Stefndi verði ekki sviptur skuldajafnaðarrétti sínum samkvæmt óskráðum efnisreglum kröfuréttar og vinnumarkaðsréttar, sbr. og 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, þótt málsókn þessi styðjist við réttarfarshagræði gagnaðila, þ.e. málsóknarumboð stefnanda, Vélstjórafélags Íslands, samkvæmt lögákvæðnu málsóknarumboði skv. 1. mgr. 45. gr. laga nr. 80/1938 vegna ótiltekinna félagsmanna sinna í þjónustu stefnda í félagsdómsmáli þessu.

Til þrautavara er bent á að óumdeilanlega séu mismunandi forsendur fyrir kjörum vélfræðinga í þjónustu stefnda og hjá viðmiðunarhópnum sem því geti ekki verið nákvæmlega þau sömu.

Niðurstaða.

Samkvæmt 6. mgr. 9. gr. laga nr. 42/1983 um Landsvirkjun, sbr. 4. gr. laga nr. 9/1997, hafa fastráðnir starfsmenn fyrirtækisins réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna. Með dómi Hæstaréttar Íslands frá 10. júní 1971 (H 1971:670) var talið að verkfall vélstjóra hjá stefnda væri ólöglegt, þar sem litið var svo að lög nr. 33/1915 um verkfall opinberra starfsmanna tækju til vélstjórnanna. Í kjölfar þess dóms samdi stefndi um kjör vélstjóra, er starfa hjá honum, með Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins, uns sjálfstæður kjarasamningur var gerður 19. júní 1975, þar sem laun vélstjóra í þjónustu stefnda voru með sérstöku ákvæði tengd breytingum á samningsbundnum launum vélstjóra (vaktstjóra og aðstoð-

arvaktstjóra) hjá fyrrnefndum ríkisverksmiðjum. Ágreiningsefni máls þessa sprettur af samsvarandi ákvæði í grein 12.4. í kjarasamningi aðila frá 29. júní 1995, er rann út 31. desember 1996.

Með úrskurði Félagsdóms frá 18. september 1997, sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar Íslands 21. október 1997, var hliðstæðu máli stefnanda vísað sjálfkrafa frá dómi, þar sem málið þætti svo vanreifað af hálfu stefnanda að ekki yrði dæmt efnislega um kröfur hans. Í forsendum úrskurðarins var tekið fram að málatilbúnaður stefnanda væri „ekki byggður á neinni athugun á samræmi í launakjörum félagsmanna stefnanda við viðmiðunarhóp“.

Í kjölfar þessara málaloka lét stefnandi framkvæma samanburð á launakjörum vélfræðinga í Áburðarverksmiðju ríkisins, nú Áburðarverksmiðjunni hf., og vélfræðinga hjá stefnda, sbr. greinargerð Páls Magnússonar, dags. 26. janúar 1998, um samanburð á grunnlaunabreytingum vaktstjóra í Áburðarverksmiðju ríkisins og vélfræðinga hjá Landsvirkjun, ásamt fylgiskjölum, og höfðaði að því búnu mál það, sem hér er til meðferðar, með stefnu sem þingfest var 3. febrúar 1998. Er fyrrnefnd greinargerð um samanburð launakjaranna meðal gagna málsins.

Dómkröfur stefnanda eiga rætur að rekja til þess að 28. apríl 1997 var gerður kjarasamningur milli stefnanda annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Áburðarverksmiðjunnar hf. hins vegar sem fól m.a. í sér að kaupaukakerfi það, sem í gildi hafði verið frá 1985, var alveg fellt niður og laun hækkuð um 21% í staðinn. Með sérstökum samkomulögum á árunum 1986 og 1988 féllst stefndi á það að tekið yrði tillit til fasts hluta (lágmarks) kaupaukans (12%) í launakjörum félagsmanna stefnanda í þjónustu stefnda.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að eins og fram komi í framlagðri greinargerð um samanburð á grunnlaunabreytingum hafi stefndi ávallt viðurkennt skyldu sína til að hækka laun félagsmanna stefnanda í þjónustu sinni í samræmi við hækkanir á launum viðmiðunarhópanna, að undanskildum framleiðslutengdum hluta kaupauka hjá Áburðarverksmiðjunni. Hefur stefnandi bent á að neitun stefnda um hinar umkröfðu launahækkanir hafi leitt til röskunar á því samræmi sem ævinlega hafi verið milli launa vélfræðinga Áburðarverksmiðjunnar og stefnda svo sem nánar er lýst.

Stefndi byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því að ákvæði greinar 12.4. í kjarasamningi aðila gildi ekki þar sem samningurinn hafi

fallið úr gildi án uppsagnar 31. desember 1996 og geti stefnandi því ekki byggt neinn rétt á ákvæðinu meðan svo stendur, auk þess sem orðalag ákvæðisins „á samningstímanum“ leiði til þess að grein 12.4. geti ekki átt við samkvæmt efni sínu. Í öðru lagi telur stefndi að dómkröfur stefnanda séu andstæðar tilgangi ákvæðisins, sem ætlað var að tryggja lágmarksréttindi miðað við viðmiðunarhópinn. Ákvæði greinar 12.4. í kjarasamningnum geti ekki verið grundvöllur réttarkröfu, enda feli slíkur samanburður, sem ákvæðið gerir ráð fyrir, í sér hagsmunaágreining eðli málsins samkvæmt. Í þriðja lagi sé ekkert tilefni til hækkunar launa, enda séu félagsmenn stefnanda í þjónustu stefnda mun betur launaðir með tilliti til óskráðra sérkjara og yfirborgana en viðmiðunarhópurinn.

Varðandi fyrstu og aðra málsástæðu stefnda skal tekið fram, eins og segir í úrskurði Félagsdóms í máli þessu frá 24. mars sl., að málið snýst um skilning á grein 12.4. í kjarasamningi aðila frá 29. júní 1995, sem gilda átti til ársloka 1996. Nýr kjarasamningur hefur ekki verið gerður. Þegar svo stendur á heyrir undir Félagsdóm að dæma þar um samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Hið umdeilda kjarasamningsákvæði er svohljóðandi:

„Verði breyting á umsömdum launum vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins á samningstímanum skulu laun vélfræðinga hjá Landsvirkjun samræmd þeim“.

Eins og segir í niðurstöðu úrskurðar Félagsdóms frá 18. september 1997 verður að skilja grein 12.4. í kjarasamningi aðila svo að breyting á umsömdum launum vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðju ríkisins (nú Áburðarverksmiðjunni hf.) á samningstímanum leiði ekki sjálfkrafa til þess að laun vélfræðinga hjá stefnda breytist að sama skapi. Verður að líta svo á að slíkar breytingar gefi tilefni til athugunar á því, hvort samræmi sé í launakjörum.

Framlögð gögn í málinu um samanburð á grunnlaunabreytingum vaktstjóra í Áburðarverksmiðju ríkisins/Áburðarverksmiðjunni hf. og vélfræðinga hjá stefnda taka til tímabilsins frá 21. febrúar til 1. janúar 1996. Sá samanburður sýnir þá samræmingu í launakjörum að vélfræðingar hjá stefnda hafa fengið allar grunnkaupshækkanir vaktstjóra í Áburðarverksmiðju ríkisins á því tímabili að undanskildum þeim hluta kaupauka sem var framleiðslutengdur. Ekki er

ágreiningur um það að samanburðargögn þessi séu rétt og verða þau lögð til grundvallar í málinu.

Gögn málsins bera með sér að ákveðið samræmi/hlutfall hefur lengi verið milli grunnlauna vélfræðinga í þjónustu Áburðarverk-smiðjunnar og vélfræðinga í þjónustu stefnda, enda hefur stefndi almennt fallist á hækkanir launa félagsmanna stefnanda í þjónustu sinni í samræmi við launahækkanir viðmiðunarhópsins, að undanskildum fyrrnefndum hluta kaupauka sem var framleiðslutengdur.

Pegar litið er til þeirra launa- og kjarabóta sem kjarasamningurinn við viðmiðunarhópinn hinn 28. apríl 1997 fól í sér er ljóst að ekki er lengur um að ræða samræmi í launakjörum í skilningi greinar 12.4. Vegur þar þyngst að framleiðslutengdur kaupuki, sem gilt hafði í Áburðarverk-smiðjunni hf. frá árinu 1985, og var lægstur 12% en gat hæstur orðið 20%, var felldur niður og laun hækkuð um 21% í staðinn. Megintilgangur kjarasamningsákvæðis 12.4. var að tryggja að vélfræðingar í þjónustu stefnda skyldu njóta sambærilegra launahækkana og þeir vélfræðingar sem sambærileg störf unnu og verkfallsrétt höfðu. Stefndi hafði áður fallist á að bæta kjör vélfræðinga í þjónustu sinni til samræmis við þann hluta kaupaukans, sem ekki var framleiðslutengdur, 12%, og ber honum því einnig nú, með vísan til greinar 12.4., að samræma launakjör þeirra þeirri launahækkun, sem vélfræðingar í viðmiðunarhópnum fengu er kaupaukinn var felldur inn í fast kaup, auk 4,7% almennrar launahækkunar.

Ekki verður fallist á með stefnda að óskráð sérkjör og yfirborganir samkvæmt vinnustaðasamningum geti komið til álita varðandi þá samræmingu sem stefnandi gerir kröfu til í máli þessu. Ber því að taka 1. lið dómkröfu stefnanda til greina.

Það myndi raska samræmi í kjörum vaktstjóra hjá Áburðarverk-smiðjunni hf. og vélfræðinga í þjónustu stefnda ef ekki væri fallist á að þeir ættu rétt á greiðslu fyrir sama tíma í lok hverrar vaktar eða 8 klst. dagvinnutímabil eins og um var samið við viðmiðunarhópinn. Samkvæmt því ber einnig að taka 2. lið dómkröfu stefnanda til greina.

Eftir framangreindum málsúrslitum þykir rétt að stefndi greiði stefnanda málskostnað er ákveðst kr. 150.000. Ekki er tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Landsvirkjun, er skylt að hækka grunnlaun vélfræðinga í þjónustu sinni í kr. 99.043 frá 1. apríl 1997.

Stefnda, Landsvirkjun, er skylt að greiða vélfræðingum í þjónustu sinni 17,28 mínútur í yfirvinnu fyrir hverja vakt eða 8 klst. dagvinnutímabil.

Stefndi, Landsvirkjun, greiði stefnanda, Vélstjórafélagi Íslands, kr. 150.000 í málskostnað.

S é r a t k v æ ð i
Valgeirs Pálssonar.

Pann 28. apríl 1997 gerðu Vinnuveitendasamband Íslands vegna Áburðarverksmiðjunnar hf. annars vegar og stefnandi hins vegar með sér nýjan kjarasamning. Með samningi þessum var síðasti gildandi kjarasamningur þessara aðila framlengdur til 15. febrúar árið 2000 með nánar tilgreindum breytingum og fyrirvörum sem í samningnum felast. Kveður stefnandi að með hinum nýja kjarasamningi hafi laun vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðjunni hf. hækkað úr 68.582 krónum í 86.883 krónur eða um alls 26,687%. Einnig hafi verið um það samið að greiddar skyldu 17,28 mínútur í yfirvinnu fyrir hverja vakt eða 8 klst. dagvinnutímabil.

Hluta af greindri launahækkun kveður stefnandi megi rekja til 4,7% almennrar launahækkunar og að hluta megi rekja hana til þess að kaupaukakerfi í eldri kjarasamningi hafi verið fellt niður og í stað þess hafi komið til 21% launahækkun. Vélfræðingar í þjónustu stefnanda hafi áður fengið hækkun sem samsvari 12% af þeim hluta hækkunarinnar sem stafi af niðurfellingu kaupaukakerfisins. Af þessu leiði með vísan til gr. 12.4. í síðastgildandi kjarasamningi málsaðila að frá 1. apríl 1997 eigi þeir rétt til hækkunar grunnlauna úr 87.561 krónu í 99.043 krónur ($87.561 \times 126,687/112$). Jafnframt beri að greiða þeim 17,28 mínútur í yfirvinnu fyrir hverja vakt eða 8 klst. dagvinnutímabil.

Með dómi Hæstaréttar 21. október 1997 var staðfestur úrskurður Félagsdóms frá 18. september 1997 um frávísun málsins nr. 12/1997 milli sömu aðila og í þessu máli. Í því máli voru gerðar efnislega sömu dómkröfur og nú. Á hinn bóginn voru engin gögn lögð fram

sem sýndu samanburð á launakjörum félagsmanna stefnanda hjá stefnda og Áburðarverksmiðjunni hf. Af þeim sökum þótti málið svo vanreifað að ekki yrði lagður á það efnisdómur.

Til að bæta úr þeim ágalla, sem fyrra málið var haldið, hefur stefnandi nú lagt fram skjal sem sýnir samanburð á grunnlauna-breytingum vaktstjóra í Áburðarverksmiðjunni hf. (áður Áburðarverksmiðju ríkisins) og vélfræðinga í þjónustu stefnda. Nær samanburðurinn frá 21. febrúar 1984 til 1 janúar 1996. Eftir áorðnar hækkanir 8. nóvember 1994 voru laun vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðju ríkisins tilgreind 20.449 krónur og á sama tíma hjá vélfræðingum hjá stefnda 24.540 krónur. Voru grunnlaun vélfræðinga hjá stefnda á þessum tíma 20% hærri en laun samanburðarhópsins. Þann 1. janúar 1996 er að sjá að laun vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðjunni hf. hafi numið 68.582 krónur, en 87.526 krónum hjá vélfræðingum hjá stefnda og hafa því verið 27,62% hærri en hjá samanburðarhópnum. Nær samanburðurinn einungis til grunnlaunahækkana hjá báðum hópum á hinu tilgreinda tímabili. Í samanburðinum er því ekki að finna hækkanir á launum vélfræðinga hjá stefnda sem rekja má til þess að framleiðslutengdur bónus var að hluta (12%) fastur hjá samanburðarhópnum, en honum mun hafa verið mætt með breyttum starfsaldursreglum á árinu 1986, sem jafngiltu að meðaltali 8,25% hækkun launa, svo og 3,5% kaupauka á laun árið 1988. Breytingum á launum vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðjunni hefur því ekki í öllum tilvikum verið mætt með hækkunum grunnlauna hjá vélfræðingum í þjónustu stefnda.

Í bréfi stefnda til stefnanda, dags. 4. júní 1997, kemur fram að frá því samið var um 3,5% kaupaukann á árinu 1988 hafi verið samið um breytta vinnutilhögun við allar aflstöðvar fyrirtækisins. Einnig hafi verið samið við starfsmenn um yfirborganir í formi herra vaktaálags og bakvaktaálags auk þess sem starfsmenn búsettir við aflstöðvar njóti ýmissa hlunninda sem metin séu til tekna. Ennfremur segir í bréfinu að nær allir vélfræðingar sem taka laun samkvæmt kjarasamningi málsaðila starfi við aflstöðvar stefnda.

Samkvæmt því sem að framan greinir hefur samræming launa vélfræðinga í þjónustu stefnda ekki í öllum tilvikum átt sér stað með hækkun grunnlauna. Breytingar á launakjörum að öðru leyti geta einnig komið til álita, þegar borin skulu saman launakjör félagsmanna stefnanda hjá stefnda annars vegar og hjá Áburðarverk-

smiðjunni hf. hins vegar. Á það má fallast að launahækkanir samkvæmt kjarasamningi stefnanda við Áburðarverksmiðjuna hf. frá 28. apríl 1997 gefi tilefni til samanburðar á launakjörum þessara hópa til athugunar á því hvort samræma þurfi laun þeirra. Af fyrirbyggjandi gögnum verður hins vegar ekki séð að slíkur heildstæður samanburður hafi farið fram þannig að unnt sé að viðurkenna kröfur stefnanda í máli þessu, hvorki kröfur hans er lúta að hækkun grunnlauna eða kröfu um greiðslu 17,28 mínútna í yfirvinnu fyrir hverja vakt eða 8 klst. dagvinnutímabil. Atkvæði mitt verður því að sýkna beri stefnda af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt að stefnandi greiði stefnda 100.000 krónur í málskostnað.
